

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Deiliskipulagsbreytingar vegna lagningar Hamraneslínu 1 og 2 í jörð:

Hvaleyrarvatn og Höfða.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 14. febrúar 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hvaleyrarvatn og Höfða, vegna lagningar Hamraneslínu 1 og 2 í jörðu. Lega línanna mun fara yfir nyrsta hluta skipulagssvæðisins í hliðum Vatnshlíðarhnúks.

Hamranes og Vatnshlíðarhnúkur.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 14. febrúar 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hamranes og Vatnshlíðarhnúk, vegna lagningar Hamraneslínu 1 og 2 í jörðu. Lega línanna mun liggja yfir norðurhluta skipulagssvæðisins að langmestu leiti ofan í gömul vegstæði til að lágmarka jarðrask.

Hamranes, efnistökusvæði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 14. febrúar 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir efnistökusvæðið í Hamranesi, þar sem gert er ráð fyrir að Hamraneslína 1 og 2 fari í jörð og mun lega línanna fara yfir syðsta hluta skipulagssvæðisins meðfram Hvaleyrarvatnsvegi.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 20. febrúar 2024.

Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt.

B-deild – Útgáfudagur: 20. febrúar 2024